STJÓRNARTÍÐINDI B 124 – 2000

4. desember 2000 2421 Nr. 859

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Vestfjarðamiðum.

1. gr.

Allar veiðar með fiskivörpu eru bannaðar á svæðum á Vestfjarðamiðum sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

A. 1. 67°12'92 N – 22°30'00 V
2. 67°04'58 N – 22°15'25 V
3. 66°51'58 N – 24°11'51 V
4. 66°51'66 N – 24°31'51 V
5. 66°46'21 N – 24°37'22 V
6. 66°46'13 N – 24°42'50 V
7. 66°53'99 N – 24°35'24 V
8. 66°54'17 N – 24°20'08 V
9. 67°11'39 N – 23°31'08 V

B. 1. 66°13'00 N – 25°56'76 V
2. 66°10'96 N – 25°50'17 V
3. 66°02'95 N – 26°10'16 V
4. 65°50'96 N – 26°55'21 V
5. 66°00'00 N – 26°50'16 V
6. 66°03'76 N – 26°40'93 V
7. 66°05'98 N – 26°16'54 V

Á þessu svæði (B) eru þó veiðar heimilar, sé varpan búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 486, 4. ágúst 1998, um gerð og búnað smáfiskaskilju.

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Gutenberg

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 6. desember 2000 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. desember 2000.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.